

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi fyrir sundmiðstöðina að Ásvöllum.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á fundi sínum 11. júní 2026 breytingu á deiliskipulagi fyrir sundmiðstöðina að Ásvöllum. Breytingin felst í að gert er ráð fyrir nýjum sánaklefum, inni- og útilaug og stækkun á tæknirými. Lögun óraskaðs hrauns er breytt lítillega í samræmi við staðhætti og gert er ráð fyrir gönguleiðum í hrauninu.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 13. júlí 2026.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 27. júlí 2026